



Reykjavík, 20. nóvember 2020
Fundargerð 218. fundar

Tilvísun: 2001005

Föstudaginn 20. nóvember var haldinn 218. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. en hún er jafnframt framkvæmdaráð almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 08:00.

Viðstaddir voru Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson, Ásgerður Halldórsdóttir, Ármann Kr. Ólafsson og Rósa Guðbjartsdóttir. Gunnar Einarsson boðaði forföll.

Jafnframt sátu fundinn Jón Viðar Matthíasson, slökkviliðsstjóri og framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins og Birgir Finnsson varaslökkviliðsstjóri.

Fundarstjóri var Dagur B. Eggertsson.

Fundarritari var Birgir Finnsson.

Þetta gerðist:

1. 9 mánaða uppgjör

Farið yfir árshlutareikning SHS fyrir janúar – september 2020 og útkomuspá.

Eftirfarandi lagt fram:

- Árshlutauppgjör SHS 30.09.2020, dags. 20. nóvember 2020.
- Minnisblað vegna árshlutauppgjors 30.09.2020 og endurskoðaðrar útkomuspár fyrir 2020, dags. 20. nóvember 2020.
- Minnisblað vegna áhrifa Covid-19 á rekstur SHS til 31. október 2020, dags. 20. nóvember 2020.

Afgreiðsla: Engar athugasemdir gerðar.

2. Fjárhagsáætlun, þriðja umræða

Umræðu um fjárhagsáætlun 2021 – 2025 haldið áfram. Vísað til áður framlagðra gagna.

Afgreiðsla: Fjárhagsáætlun SHS 2021 – 2025 samþykkt og verður send aðildarsveitarfélögunum til staðfestingar. Stjórn felur slökkviliðsstjóra að undirbúa umfjöllun um hvernig hagræða megi eða endurskipuleggja rekstur SHS til að koma að einhverju leyti til móts við kostnaðarauka vegna kjara-samninga. Einnig er brýnt að sækja kostnaðarauka vegna COVID til Sjúkratrygginga Íslands.

3. Gjaldskrá fyrir árið 2021

Frestað mál frá fundi 212, en stjórn óskaði eftir því að í gjaldskrá yrði tekið tillit til áhrifa nýrra kjarasamninga á launakostnað áráanna 2020 og 2021.

Eftirfarandi lagt fram:

- Gjaldskrá SHS 2021, dags. 20. nóvember 2020.
- Minnisblað vegna gjaldskrár, hækkun vegna endurskoðaðrar áætlunar, dags. 20. nóvember 2020.
- Gjaldskrá SHS 2021, fyrri tillaga, dags. 16. október 2020.
- Minnisblað vegna gjaldskrár, fyrri tillaga, dags. 16. október 2020.

Afgreiðsla: Gjaldskrá SHS 2021, dags. 20. nóvember 2020, samþykkt og undirrituð af formanni. Gjaldskráin verður send aðildarsveitarfélögunum til staðfestingar og að henni lokinni birt í Stjórnartíðindum.

4. Upplýsingaöryggisstefna SHS

Ný upplýsingaöryggisstefna SHS lögð fram.

Eftirfarandi lagt fram:

- Upplýsingaöryggisstefna SHS, drög, ódags.

Afgreiðsla: Upplýsingaöryggisstefna SHS samþykkt.

5. Árangursmat stjórnar

Vætanlegt árangursmat stjórnarmanna á störfum stjórnar og slökkviliðsstjóra kynnt. HR Monitor mun sjá um framkvæmd og úrvinnslu árangursmatsins.

Eftirfarandi lagt fram:

- Árangursmat stjórnar, spurningar, ódags.

Afgreiðsla: Fyrirkomulag árangursmats samþykkt.

6. Árlegt mat á gögnum til stjórnar og framsetning þeirra.

Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar mun á næstu vikum leggja mat á framsetningu gagna SHS til stjórnar í samvinnu við stjórnarmenn.

Afgreiðsla: Kynning.

7. Önnur mál

7.1 Rafræn undirritun fundargerða stjórnar hófst 16. október sl. Farið yfir reynsluna.

Fundi slitið klukkan 09:15.

**Fundir verða boðaðir eftir þörfum,
næsti skipulagði fundur er föstudaginn 18. desember.**

Fylgiskjöl:

- Árshlutauppgjör SHS 30.09.2020, dags. 20. nóvember 2020.
- Minnisblað vegna árshlutauppgjörs 30.09.2020 og endurskoðaðrar útkomuspár fyrir 2020, dags. 20. nóvember 2020.
- Minnisblað vegna áhrifa Covid-19 á rekstur SHS til 31. október 2020, dags. 20. nóvember 2020.
- Gjaldskrá SHS 2021, dags. 20. nóvember 2020.
- Minnisblað vegna gjaldskrár, hækkun vegna endurskoðaðrar áætlunar, dags. 20. nóvember 2020.
- Gjaldskrá SHS 2021, fyrri tillaga, dags. 16. október 2020.
- Minnisblað vegna gjaldskrár, fyrri tillaga, dags. 16. október 2020.
- Upplýsingaöryggisstefna SHS, drög, ódags.
- Árangursmat stjórnar, spurningar, ódags.